

**3172. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
14. janúar 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **1501212 - Fundargerðir 2015 - menningar- og safnanefnd**  
21. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9. desember 2015.  
22. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 29. desember 2015.  
*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*
2. **1504148 - Fundargerðir 2015 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**  
131. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 25. nóvember 2015.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
3. **1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**  
833. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. nóvember.  
834. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. desember.  
*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*
4. **1511246 - Fundargerðir 2015 - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga**  
24. fundargerð samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 26. nóvember 2015.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
5. **1410165 - Þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**  
Jón Hrói Finnson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindarsviðs og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Formaður bæjarráðs kynnir fund hans um húsnæðismál með stjórn FEBAN þann 11. janúar sl. Einnig áttu formaður bæjarráðs, formaður velferðar- og mannréttindaráðs og bæjarstjóri fund með formanni FEBAN og fulltrúum FEBAN í starfshópi um Dalbraut 6 þann 8. janúar sl. um sama málefni. Fyrir liggur erindi frá FEBAN um húsnæðismál fyrir eldri borgara á Akranesi. *Bæjarráð samþykkir að viðræðum við FEBAN verði haldið áfram og að lokið verði við skýrslu starfshóps um Dalbraut 6.*

**6. 1310193 - FIMA - húsnæðismál**

Bæjarráð fól bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn FEBAN um aðstöðu FIMA að Dalbraut 6 á fundi sínum þann 10. desember 2015. Þeir aðilar sem koma að málinu hafa náð samkomulagi og er FIMA með húsnæðisaðstöðu að Dalbraut 6 til ársloka 2016.

*Sigrún Inga Guðnadóttir vikur af fundi undir þessum lið.*

*Lagt fram til kynningar.*

**7. 1512248 - Síbería - listaverk á Breið**

Bæjarráð óskaði eftir umsögn menningar- og safnanefndar vegna fyrirhugaðra listaverkakaupa á listaverkinu Síbería eftir Elsu Maríu Guðlaugsdóttur. Nefndin bókaði eftirfarandi á fundi sínum þann 30. desember 2015: Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð að gengið verði frá kaupum á listaverkinu Síberíu af Elsu Maríu Guðlaugsdóttur og fagnar frumkvæði listamannsins. Einnig leggur nefndin til við bæjarráð að verkinu verði fundinn framtíðarstaður í samráði við garðyrkjustjóra og listamanninn sjálfan.

*Bæjarráð samþykkir listaverkakaupin og tekur undir bókun menningar- og safnanefndar um að hafa samráð við garðyrkjustjóra og Elsu Maríu um staðsetningu verksins.*

*Fjárhæðinni, samtals kr. 350.000, verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**8. 1512228 - Þorablót Skagamanna 2016 - íþróttahús o.fl.**

Erindi Club 71 dags. 20. 12. 2015, þar sem óskað er eftir að fá afnot af íþróttahúsinu á Vesturgötu endurgjaldslaust vegna Þorablóts Skagamanna þann 23. janúar 2016 sem og einnig að Akraneskaupstaður taki áfram þátt í vali á Skagamanni ársins.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

*Kostnaði vegna þessa, samtals kr. 375.000, verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**9. 1601135 - Þróunarsetur vegna nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Akranesi**

Erindi þar sem óskað er eftir samstarfi vegna stofnunar þróunarseturs á Akranesi.

*Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**10. 1601134 - Nýsköpun 2015 - viðurkenning**

Tillaga um veitingu viðurkenningar fyrir nýsköpun lögð fram.

*Bæjarráð samþykkir að veita nýsköpunarviðurkenningar og auglýsa eftir tilnefningum árlega. Bæjarstjóra falið að undirbúa verklagsreglur og leggja fyrir næsta fund ráðsins.*

**11. 1601141 - Heimild til ráðningar leikskólakennara 2016**

Erindi skóla- og frístundasviðs þar sem óskað er eftir auka fjárheimild til leikskólans Akrasels samtals kr. 2.300.000 til þess að koma til móts við launamun við ráðningu leikskólakennara í stað almenns starfsmanns.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

*Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**12. 1404016 - Skátaskálinn Skorradal - endurnýjun á samningi**

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember 2015 samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Skátafélagsins varðandi uppbyggingu Skátafélags í Skorradal og vísaði honum til afgreiðslu bæjarstjórnar. Bæjarráð frestaði afgreiðslu samningsins en samhliða fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar samþykkti bæjarstjórn Akraness á fundi sínum þann 15. desember 2015 eingreiðslu til Skátafélags Akraness samtals kr. 1.900.000 vegna framkvæmda við Skátafelli í Skorradal.

*Bæjarráð samþykkir samninginn til eins árs.*

*Fjármunum vegna þessa, samtals kr. 400.000, verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**13. 1501415 - Kúttur Sigurfari - staða mála**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 15. október 2015 að senda erindi til Minjastofnunar Íslands með beiðni um heimild Akraneskaupstaðar til að nýta áður veittan 5 m.kr. styrk frá forsætisráðuneytinu í fyrsta áfanga verkefnisins, þ.e. ráðningu verkefnastjóra.

Svar barst frá Minjastofnun þann 18. desember sl. og samþykkti Minjastofnun beiðnina. Fyrir liggur samningur milli Akraneskaupstaðar og Minjastofnunar þess efnis.

*Bæjarstjóra falið að kynna stöðu málsins fyrir menningar- og safnanefnd.*

**14. 1512242 - Saga Akraness - þrotabúi Uppheima ehf.**

Erindi skiptastjóra í þrotabúi Uppheima ehf. um kaup á Sögu Akranes bindi I og II og Árbók Akraness frá 2001-2012.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.*

**15. 1506187 - Starf sviðsstjóra - afleysing**

Tillaga bæjarstjóra um áframhaldandi afleysingu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

*Bæjarráð samþykkir áframhaldandi ráðningu Gunnars Gíslasonar til 31. mars næstkomandi vegna forfalla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.*

*Fjárhæðinni, kr. 1.800.000, verður ráðstafað af liðnum aðrar launagreiðslur 20830-1690.*

RA  
DA

**16. 1512176 - Baugalundur 14 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Grenja ehf. um einbýlishúsalóð að Baugalundi 14.

*Bæjarráð samþykkir umsókn Grenja ehf. um lóð að Baugalundi 14.*

**17. 1512119 - Búnaðar- og áhaldakaup 2016**

Umsókn stjórnarsýslu- og fjármálasviðs í miðlægan tækjakaupasjóð Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna til kaupa á tveimur fjölnota skrifstofuvélum, samtals að fjárhæð kr. 1.216.000.*

*Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum viðhald áhaldna 20830-4660.*

**18. 1511188 - Faxaflóahafnir - eigendastefna**

Óskað er eftir því að Akraneskaupstaður tilnefni fulltrúa sinn í eigendastefnu Faxaflóahafna sf.

*Bæjarráð samþykkir að tilnefna Ólaf Adolfsson formann bæjarráðs sem fulltrúa Akraneskaupstaðar.*

**19. 1512074 - Þjóðvegur 15 og 15B, lóðaúthlutun**

Drög að auglýsingu frá skipulags- og umhverfisráði um uppbyggingu gróðrarstöðvar á lóð við Þjóðveg 15 og 15B lögð fram til samþykktar.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

**20. 1601129 - Þorablót Skagamanna - tækifærisleyfi**

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna þorablóts í íþróttahúsinu við Vestugötu 23.1.2016 kl. 18:30 til 24.1.2016 kl. 03:00.

*Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**21. 1512168 - Áramótabrenna 2015 - Víðigrund/Innesvegur**

Umsókn um leyfi Akraneskaupstaðar til að hafa áramótabrennu á opnu svæði við Innesveg neðan við Víðigrund.

*Afgreiðsla samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.*

**22. 1503071 - Íslandsmótið í golfi 2015**

Golfklúbburinn Leynir sendir Akraneskaupstað þakklætisbréf fyrir stuðninginn sl. sumar á 50 ára afmælisári golfklúbbsins.

*Lagt fram.*

**23. 1601146 - Norðurálmótið 2016 - breyttar dagsetningar**

Tilkynning frá KFÍA um Norðurálmóti 2016 en það fer fram helgina 10.-12. júní.  
*Lagt fram til kynningar.*

**24. 1512236 - Jöfnunarsjóður - skipulagsbreytingar**

Frá 1. janúar 2016 urðu þær breytingar á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að verkþættir, þ.e. greiðslur framlaga til sveitarfélaga, bókun fylgiskjala og uppgjör sjóðsins, fluttust alfarið til Fjársýslu ríkisins.  
*Lagt fram til kynningar.*


**25. 1601145 - Samræmd lóðaafmörkun sveitarfélaga**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda lóðaafmörkun.  
*Lagt fram.*

**26. 1601131 - TISA - friverslunarsamningur**

Erindi framkvæmdaráðs Dögunar um fund vegna TISA samningana í Norræna húsinu þann 28. janúar næstkomandi kl. 20.00.  
*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:33.**

  
Vilborg P. Guðbjörnsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Valdís Eiríksdóttir  
Ragnheiður Arvaldóttir  
Elma Aðalsteins  
Ingríð Jónsdóttir